

# Félag íslenskra tónlistarmanna

---

Íslands Tonkumstnerforbund  
Verein Isländischer Tonkünstler  
Society of Icelandic Musicians

Rauðagerði 27  
108 Reykjavík.  
[fiston@fih.is](mailto:fiston@fih.is), [www.fiston.is](http://www.fiston.is)

mánudagur, 31. janúar 2011

## Til borgarstjórnar og menntaráðs Reykjavíkur

### Ályktun stjórnar Félags íslenskra tónlistarmanna vegna fyrirhugaðs niðurskurðar til tónlistarskóla

Staðan sem blasir við tónlistarskólum í ljósi boðaðs niðurskurðar er grafalvarleg. Grunnurinn að velgengi íslenskra tónlistarmanna á síðustu áratugum hefur verið uppbygging öflugrar og góðrar tónlistarkennslu um áratuga skeið. Framtíð tónlistarmenntunar á Íslandi er verulega ógnað. Það hriktir í stoðunum og hætta er á að íslenskt tónlistarlíf verði fyrir óbætanlegu tjóni.

Stjórn Félags íslenskra tónlistarmanna skorar á borgarstjórn og menntaráð að endurskoða hug sinn varðandi niðurskurð til tónlistarskóla og standa vörð um tónlistarmenntun í borginni.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Félags íslenskra tónlistarmanna,

Kristín Mjöll Jakobsdóttir,  
Formaður FÍT

*Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT) er fagfélag íslenskra einleikara, einsöngvara og stjórnenda. Félagsmenn eru 160 talsins*

**Afrit sent til fjölmiðla**